


✉ Re: Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 36 : 202110127 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Lagarfljót, bakkavarnir

Búið til	9.11.2021 16:19:06
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	9.11.2021 16:19:06
Tilheyrir	 202110-0040 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Lagarfljót, bakkavarnir

## Efni

Re: Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 36 : 202110127 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Lagarfljót, bakkavarnir

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	9.11.2021 16:19:06	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is, skipulagsfulltrui@mulathing.is
Cc	helgi.johannesson@landsvirkjun.is

## Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202110-0040 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og framkvæmdasviði Múlaþings þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda á bakkavörnum við Lagarfljót.

Framkvæmdin er á svæði sem er á gildandi (C-hluta) náttúruminjaskrá. Um er að ræða svæðið Finnstaðanes og Egilsstaðanes og var svæðið sett á skrána á sínum tíma vegna votlendis með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og miklu og fjölbreyttu fuglalífi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar hefur verndargildi svæðisins minnkað nokkuð í kjölfar breytinga á eðli og rennsli Lagarflijóts og er t.d. fuglalíf fábreyttara en áður var auk þess sem rof hefur átt sér stað á svæðinu og gróður tekið breytingum. Áður hafði votlendissvæðum á ósasvæði Eyvindarár verið raskað við gerð Egilsstaðaflugvallar og við færslu Eyvindarár árið 1988 þegar flugvöllurinn var stækkaður urðu miklar breytingar á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun hefur vaktað rof við bakka Lagarflijóts um langt skeið vegna virkjana við Lagarfoss og síðar Kárahnjúka, og er áætlað framkvæmdasvæði meðal vöktunarsvæða (NI-16001.pdf (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2016/NI-16001.pdf>)). Rof hefur minnkað frá því sem áður var á svæðinu, sérstaklega á norðurhluta þess en syðst á Egilsstaðanesi er enn rof þó það sé minna en áður (Minnisblað frá Náttúrufræðistofnun, 2020). Bakkavarnir á þessum slóðum munu vitaskuld hafa áhrif á vöktunarverkefnið en ættu að draga úr frekara rofi og þar með stuðla að verndun votlendisgróðurs á svæðinu og bæta verndarstöðu þess. Líklegt er að breytingar verði á samsetningu gróðurs og hugsanlegt að væta minnki á svæðinu þ.a. votlendisvistgerðir sem áður voru ríkjandi nálægt árbökkum snúi aftur á kostnað þeirra „blautari“ flóavistgerða sem hafa orðið ríkjandi eftir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar.

Gæsavarp er nokkuð á svæðinu og æskilegt að bakkavarnir verði útfærðar á þann hátt að þær skapi ekki hindranir fyrir gæsaunga á leið af varpsvæðum út á fljótið.

Náttúrufræðistofnun telur að bakkavarnir á þessu svæði geti orðið til bóta til að vinna gegn rofi, og munu líklega fela í sér breytingar á gróðurfari þ.m.t. mögulega endurheimt vistgerða sem hafa hörfað vegna hækkandi vatnsstöðu. Ef bakkavarnir reynast fyrirstaða fyrir fugla sem verpa á svæðinu t.d. gæsir, er möguleiki að fuglalíf gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum en verndargildi fuglalífs hefur þó rýrnað á svæðinu vegna þess rasks sem þar hefur orðið á síðustu áratugum.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að vera til frekari ráðgjafar ef þörf þykir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sóley Valdimarsdóttir" <[soley.valdimarsdottir@mulathing.is](mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "Snorri Sigurðsson - NI" <[Snorri.Sigurdsdsson@ni.is](mailto:Snorri.Sigurdsdsson@ni.is)>; "Óðinn Gunnar Óðinsson" <[odinn.gunnar.odinsson@mulathing.is](mailto:odinn.gunnar.odinsson@mulathing.is)>; "Vilhjálmur Jónsson" <[vilhjalmur.jonsson@mulathing.is](mailto:vilhjalmur.jonsson@mulathing.is)>

**CC:** "helgi.johannesson@landsvirkjun.is" <[helgi.johannesson@landsvirkjun.is](mailto:helgi.johannesson@landsvirkjun.is)>

**Subject:** Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 36 : 202110127 - Umsókn um framkvæmdaleyfi,

Lagarfljót, bakkavarnir

Date: 27.10.2021 12:55:06

Góðan daginn,

í samræmi við eftirfarandi bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings sem samþykkt var á 36. fundi ráðsins fyrr í dag er óskað eftir umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda á bakkavörnum við Lagarfljót.

#### **202110127 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Lagarfljót, bakkavarnir**

*Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi dagsett 15. október frá Landsvirkjun og varðar fyrirhugaðar framkvæmdir vegna bakkavarna við Lagarfljót. Svæðið sem um ræðir er á C-hluta náttúruminjaskrár, nr. 647 Finnsstaðanes og Egilsstaðanes. Samkvæmt upplýsingum frá landeiganda er framkvæmdin unnin með hans leyfi.*

*Eftirfarandi tillaga lögð fram:*

*Þar sem framkvæmdin sem um ræðir er á svæði á C-hluta náttúruminjaskrár samþykkir umhverfis- og framkvæmdaráð, með vísan til 3. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að kalla eftir umsögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og heimastjórn Fljótsdalshéraðs, sem náttúruverndarnefnd. Þegar liggur fyrir í málinu jákvæð umsögn Umhverfisstofnunar. Með hliðsjón af því samþykkir ráðið að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis með fyrirvara um að umsagnir verði jákvæðar og vísar málinu til heimastjórnar Fljótsdalshéraðs til afgreiðslu.*

*Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.*

Meðfylgjandi er leyfisumsókn framkvæmdaraðila ásamt fylgigögnum: yfirlitskort, ljósmyndir af svæðinu, kennisnið og umsögn Umhverfisstofnunar.

Verkefnastjóri, Helgi Jóhannesson, fær einnig þennan tölvupóst og er hægt að óska eftir frekari upplýsingum hjá honum ef þörf þykir.

Umsögnum skal skilað á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) eins fljótt og auðið er.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is

(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is

(http://www.mulathing.is/)

## Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.gif (3 KB)

